

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júní 2008
Tilvísun: UST20080600139/bs

Efnistaka í Hvammi, Eyjafjarðarsveit. Umsögn vegna ákvörðunar um matsskyldu.


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. júní sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að taka allt að 150.000 m³ úr klapparholti suðvestan við bæjarstæðið í Hvammi. Holtið hefur verið nýtt til skógræktar. Ráðgert er að þetta efnismagn verði tekið á 2-3 árum. Umhverfisstofnun bendir á að ef auka eigi efnistöku í Hvammi umfram fyrrgreint magn þarf að kanna matsskyldu efnistökkunnar.

Umrætt svæði er ekki á náttúrminjaskrá og efnistakan mun ekki fara fram í jarðmyndunum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fyrirhugað er að grjóðursetja tré að nýju á námusvæðinu að efnistöku lokinni. Horfið verður aftur að núverandi landnotkun þegar efnistöku lýkur. Sjónræn áhrif efnistökkunnar verða lítil verði þess gætt að hrófla ekki við klapparholtinu austan við fyrirhugað efnistökusvæði. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhugað efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson